

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

2.árg. 11.tbl. Desember 2022

Fyrsta skóflustungan að Fjallaböðunum



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

19. nóvember var haldið skólaping í Árnesi þar sem fjölmargir íbúar mættu til að ræða um stöðu skólanna okkar og hvert við eigum að stefna. Þar fór fram mikil umræða um skólana og hvernig við viljum sjá skólastarfið þróast í framtíðinni. Vikurnar þar á undan hafði farið fram sambærileg vinna inni í skólunum, bæði með kennurum og nemendum. Öll þessi vinna hefur skilað okkur mikilvægum upplýsingum sem verður leiðarljósið að því hvernig við mótum skólastarfið til framtíðar. Vinnan heldur áfram og á fyrstu mánuðum næsta árs munum við sjá metnaðarfulla stefnu um skólastarf til framtíðar verða til.

Forsvarsmenn Íslandshótela komu á fund sveitarstjórnar í nóvember og kynntu áform um nýtt 130-150 herbergja hótél sem verður reist við hlið Hótel Heklu. Verkefnið er mjög spennandi og kemur í ljós í vetur hvort það verði að veruleika. Það myndi hafa mikil áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu þar sem hótelið skapar 70-80 störf ásamt fjölda afleiddra starfa.

Opnuð voru tilboð í gatnagerðina á Vallarbraut í Brautarholti. Það var ánægjulegt að fá 8 tilboð í verkið og ekki síður ánægjulegt að fá tilboð sem var undir kostnaðaráætlun. Gengið verður frá samningum um gatnagerðina í desember og ætti verkið að hefjast í framhaldi af því. Áætluð verklok eru 15. júlí á næsta ári.

Eins og allir vita þá hefur starfssemi Landsvirkjunar haft mikil áhrif í sveitarfélaginu okkar. Ég hef eytt miklum tíma í að skoða og greina hvaða áhrif öll sú raforkuframleiðsla sem fer



Pistill frá sveitarstjóra

fram í sveitarfélaginu hjá okkur hefur haft á nærumhverfi okkar og rekstur sveitarfélagsins. Ég stóð alltaf í þeirri trú að við sem samfélag höfðum mikinn hag af þessari starfsemi. Tölulegar staðreyndir sýna mér þó aðra mynd og er ég mjög hugsi yfir því. Fasteignagjöldin sem við fáum greidd af stöðvarhúsunum eru vissulega há, en virkni jöfnunarsjóðs gera það að verkum að ávinningur sveitarfélagsins af háum fasteignagjöldum þynnir út framlög frá jöfnunarsjóði. Það er mitt mat að til að meiri sátt skapist um virkjanaframkvæmdir þá sé mikilvægt að tryggja að nærumhverfið njóti ávinnings af auðlindinni. Í nóvember fór öll sveitarstjórnin á fund framkvæmdastjórnar Landsvirkjunar. Á þeim fundi talaði ég mjög skýrt um þetta, að nærumhverfið væri einfaldlega að njóta mjög takmarkaðs ávinnings af raforkuframleiðslunni og því þyrfti að breyta. Annars næst aldrei sátt um þær virkjanir sem á eftir að byggja á Íslandi næstu áratugina. Hugsanlega þurfa breytingarnar að eiga sér stað á Alþingi með lagasetningu, það verður tíminn að leiða í ljós. Frá upphafi raforkuframleiðslu

á Íslandi hefur u.þ.b. 35% af rafmagnsframleiðslu Landsvirkjunar verið framleitt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þegar við horfum í baksýnispegilinn er ekki að sjá mikil ummerki í okkar samfélagi (nema þá öll mannvirkin tengt virkjununum) um þau gríðarlegu verðmæti sem hafa orðið til í sveitarfélaginu okkar. Þessu þurfum við að fá breytt og mun ég leggja mikla krafta í að ná árangri þar.

Á síðustu dögum hef fengið þær upplýsingar frá Landsvirkjun að beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu Hvammsvirkjunar muni berast til sveitarstjórnar í þessum mánuði. Við munum taka okkur allan þann tíma sem þarf til að fara vel yfir málið, kynna það vel fyrir íbúum og leyfa öllum sjónarmiðum að heyrast áður en ákvörðun verður tekin

um hvort leyfið verður veitt. Ég mun boða íbúafund um málefni Hvammsvirkjunar í byrjun janúar og vonast til að fá góða mætingu og gott samtal.

Síðasta föstudag fóru allir starfsmenn sveitarfélagsins og makar á jólahlaðborð. Þetta er í fyrsta skipti eftir covid sem allir koma saman og var mikil gleði. Það er ánægjulegt að finna hversu góður andi er í starfsmannahópnum og hlakka ég til að vinna með öllum næstu árin.

Að lokum vil ég óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fleira er það ekki að sinni.

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson



Fjallamannakvöld **Föstudaginn 9.desember** **í Árnesi kl. 19:00.**

Þetta verður með sama sniði og síðast, Þórður ætlar að kokka eitthvað og barinn opinn.

Peir sem ætla að mæta í matinn eru beðin um að láta Fjallkóng vor Guðmund Árnason vita í síma 862-1905.

Íbúakönnun - Atvinnumálastefna

Nú stendur yfir vinna við að móta sameiginlega atvinnumálastefnu sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu; Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Atvinnumálaþing Uppsveita er afstaðið þar sem fjölmargar hugmyndir íbúa komu fram.

Nú gefst íbúum afturtækifæritil að taka þátt í að móta áherslur í atvinnumálastefnunni með því að svara rafrænni könnun. Könnunin verður aðgengileg íbúum á vefsíðum sveitarfélaganna fjögurra á næstu dögum.

Það tekur ekki langan tíma að svara könnuninni en öll svör eru vel þegin og nýtast í áframhaldandi vinnu. Óskað er eftir að sem flestir íbúar taki þátt og dragi fram þau atriði sem þeir telja mikilvægust.

Aðventukveðjur Verkefnisstjórn



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

JÓLADAGATAL 2022

Á heimasíðunni okkar, **www.skeidgnup.is** er komið jóladagatal sem inniheldur skemmtilegar frásagnir af jólum og aðventu íbúa í sveitarfélaginu. Við hvetjum alla til að fylgjast með nýrri frásögn koma á hverjum degi og hjálpar það okkur að stytta biðina eftir jólunum, gamalt í bland við nýtt, þjóðlegt í bland við alþjóðlegt.

Gleðileg jól



FRÆÐSLUNETIÐ KYNNIR:



NÁMSKEIÐ FYRIR 60+ SNJALLTÆKIN OKKAR

Námskeið í **Félagsheimilinu á Flúðum** þar sem kennt er hvernig hægt er að nota snjalltæki, síma eða spjaldtölvu á virkari hátt. Námskeiðið er í **4 skipti, 2 klst. í senn.**

Skráning og nánari upplýsingar: Hjá Steinunni í síma 560 2030 og 560 2038 | steinunnosk@fraedslunet.is

DAGAR OG TÍMI:

Fimmtudagar og föstudagar, 19., 20., 26. og 27. janúar kl. 10-12

Námskeiðið er í boði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins

www.fraedslunet.is

Prjónauppskrift - jólakúla

- 1:** fitja upp á 6 lykkjum sem er skipt á 3 prjóna
- 2:** tengt í hring og umferðin prjónuð slétt.
- 3:** byrjað á að auka út, prjóna 1 slétt, auka út um 1, prjóna eina slétt... o.s.frv. út umferð = 4 lykkjur á prjóni
- 4:** umferð prjónuð slétt.
- 5:** prjóna 1, auka út um 1, prjóna 1, auka út um 1... o.s.frv. út umferð = 6 lykkjur á prjóni
- 6:** umferð prjónuð slétt.
- 7:** auka út um 1, prjóna 2, auka út um 1, prjóna 2... o.s.frv. út umferð = 9 lykkjur á prjóni
- 8:** umferð prjónuð slétt.
- 9:** umferð prjónuð slétt.
- 10:** auka út um 1, prjóna 3, auka út um 1, prjóna 3... o.s.frv. út umferð = 12 lykkjur á prjóni
- 11:** umferð prjónuð slétt.
- 12:** umferð prjónuð slétt.
- 13:** auka út um 1, prjóna 3, auka út um 1, prjóna 3... o.s.frv. út umferð = 16 lykkjur á prjóni
- 14 - 20:** munstur
- 21:** Prjóna 2, prjóna 2 saman, prjóna 2, prjóna 2 saman... o.s.frv. út umferð = 12 lykkjur á prjóni
- 22:** umferð prjónuð slétt.
- 23:** umferð prjónuð slétt. Gangið frá spottum innan í kúlunni.
- 24:** prjóna 2 saman, prjóna 2, prjóna 2 saman, prjóna 2... o.s.frv. út umferð = 9 lykkjur á prjóni
- 25:** umferð prjónuð slétt
- 26:** prjóna 1, prjóna 2 saman, prjóna 1, prjóna 2 saman... o.s.frv. út umferð = 6 lykkjur á prjóni
- 27:** umferð prjónuð slétt. Fyllið kúluna af smá tróði
- 28:** prjóna 1, prjóna 2 saman, prjóna 1, prjóna 2 saman... o.s.frv. út umferð = 4 lykkjur á prjóni
- 29:** umferð prjónuð slétt. Fyllið kúluna af meira tróði.
- 30:** prjóna 1, prjóna 2 saman, prjóna 1, prjóna 2 saman... o.s.frv. út umferð = 2 lykkjur á prjóni. Klárið að fylla kúluna af tróði eins og þið viljið hafa hana.
- 31:** prjónið þessar 2 lykkjur saman og dragið bandið í gegn í hvert sinn. Að lokum dragið vel að og gangið frá spotta.

Með bestu kveðju, Vilborg, Skarði

Þrjónauppskrift - jólakúla



Laust starf

í skapandi og notalegu umhverfi með skemmtilegu fólki

Í Fríðheimum eru ræktaðir tómatar allan ársins hring. Við tökum líka á móti gestum, sýnum þeim tómataræktuna og bjóðum upp á matarupplifun byggða á tómtum sem gestirnir sitja hliðina á. Í Fríðheimum er einnig stunduð hrossækt og gestum boðið að heimsækja hesthúsið og upplifa íslenska hestinn



Starfskröfur

Við erum að leita að manneskju sem hefur gaman af garðyrkju, elskar að rækta og dúlla sér við plöntur og hafa fínt í kringum sig.

Hún þarf að vera sjálfstæð, vinnusöm, ábyrgðarfull og jákvæð.

Starfslýsing

Hjá okkur er laust starf sem felst í að rækta salat og basilíku, halda pelagóníum og ýmsu öðru í toppformi og dekra við allt grænt á veitingastaðnum okkar.

Vinnutími er mánudaga til föstudaga. Hægt að aðlaga vinnutíma en miðað er við 75-100% starfshlutfall.

Kallar þetta á þig?

Endilega hafðu samband!

Um sóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á helena@fridheimar.is

14. jólasveinninn

Allir þekkja jólasveinana 13. En hafið þið heyrt um 14. jólasveinninn? Ég skal segja ykkur frá honum Strompa-Sveini. Eins og nafnið gefur til kynna er hann sveinn sem kemur niður um strompinn á húsum. En hann gefur ekki í skóinn og kemur ekki af fjöllum. Hvaðan kemur hann þá? Það mun ég segja ykkur í þessari sögu.

Fyrir um það bil 234 árum var Grýla uppi á fjalli með Leppalúða þegar svolítið merkilegt gerðist. Grýla varð ólétt. Þegar hún uppgötvaði það varð

hún brjáluð. Hún hafði lofað langa-
langa-langapabba sínum að hún myndi
aldrei eignast börn. Þegar hún fæddi
barnið, sem var strákur, setti hún það í
strompinn þeirra og fór svo til að sækja
eldivið og eldspýtur. Þegar hún kom til
baka var barnið horfið. Leppalúði hafði
tekið strákinn, farið með hann inn í
herbergi og skýrt hann Strompa-Svein.
Grýla ruddist inn í herbergið þeirra
Leppalúða og heimtaði að fá að taka
Strompa-Svein. „Hendum þessum hlut
inn í eldinn!” gargaði hún en Leppalúði
neitaði. Þá hrifsaði Grýla Strompa-



Jólasaga

Svein af Leppalúða og henti honum inn í strompinn og eldivið með. Strompa-Sveinn veinaði og þá allt í einu hætti Grýla við. Hún leit í augun á Strompa-Sveini og táraðist. Hún gat ekki meitt son sinn. Hún tók Strompa-Svein upp og kyssti hann á ennið.

Þegar Strompa-Sveinn uppgötvaði 26 árum síðar hvað hafði gerst þegar hann var lítill, greip hann nokkur rifin fót frá Leppalúða (sem voru þrisvar sinnum stærri en hann), mat og kodda og strauk að heiman. Svo brunaði hann út úr hellinum þeirra, niður fjallið og burt.

Á leiðinni varð Strompa-Sveinn svo ógurlega svangur að hann fékk sér eitt og hálf epli að borða. Svo hélt hann ferðinni áfram. Þegar hann var komin langt frá fjallinu sá hann skóg. Hann hljóp eins hratt og hann gat þangað og stoppaði ekki fyrr en hann kom alveg að skóginum. Þegar Strompa-Sveinn labbaði inn í skóginn heyrði hann kraf. Hann leit í kringum sig og hlustaði vel eftir hljóðinu. Hann leit upp í tré og sá eitthvað sem leit út eins og gríðarstór... köttur?

„MJÁÁÁÁ!“ mjálmaði kötturinn og starði á Strompa-Svein. „Halló, og gott kvöld“ sagði Strompa-Sveinn við köttinn og byrjaði að bakka frá honum. „MJÁÁÁÁ!“ mjálmaði kötturinn aftur og starði á hann með glyrnunum sínum. „Ég skal láta þig í friði.“ bunaði

Strompa-Sveinn út úr sér með hræðslu í röddinni. Hann sneri við og hljóp til baka út úr skóginum, en eins og vindurinn þaut kötturinn á eftir honum og stoppaði beint fyrir framann hann. Strompa-Sveinn starði í augu kattarins. Hungrið skein úr augum hans. Strompa-Sveinn stakk þá höndinni ofaní matar körfuna sína og dró upp hálf étið epli. Kötturinn leit á eplið og síðan aftur á Strompa-Svein. Svo át kötturinn eplið í einum bita. Hann settist svo niður og smjattaði.

Skyndilega heyrði Strompa-Sveinn hátt hróp. Hann þekkti vel þetta hróp. Þetta var mamma hans, Grýla, sem kallaði. „STROMPA-SVEINN. HVAR ERTU?“ Hann faldi sig á bak við tré um leið og Grýla kom. „STROMPA-SVEI...



„Hvað er þetta?“ spurði Grýla þegar hún sá köttinn. Hún leit í kringum sig og sagði: „Fyrst Strompa-Sveinn er horfinn, þá getum við fengið okkur gæludýr. Ég mun skýra þig...” sagði hún og leit á köttinn. „Jólaköttinn.”

Endir.


Höfundur

Bergur Tjörvi Bjarnason,
nemandi í 7.bekk í Þjórsárskóla.





Fjallaböðin



Skóflustunga 3.nóvember



Jökulsfréttir - nóvember

Árshátíð

Mikið var um dýrðir á fyrstu árshátíð Hmf Jökuls. Hún var haldin í Árnosi þann 12. nóvember og mætti þar fjöldi félagsmanna og skemmti sér vel. Verðlaunað var fyrir árangur ársins og á félagið frábæra knapa og hross í öllum hornum.

Félagsmaður ársins

Kristín Sigríður Magnúsdóttir

Hæst dæmda kynbótahrossið

*Salka frá Efri-Brú (einkunn 8,76),
ræktandi Óli Fjalar Böðvarsson*

Íslandsmeistari í 150m skeiði ungmenna

Sigrún Högna Tómasdóttir

Íslandsmeistari í 250m skeiði ungmenna

Þorvaldur Logi Einarsson

Knapi ársins

Hans Þór Hilmarsson

Óskum við öllum verðlaunahöfum til hamingju með glæsilegan árangur á árinu.

Haustfundur

Þann 12. nóvember hittust stjórnir og nefndir á vegum Jökuls og fóru yfir árið og skipulögðu það næsta. 40 manns mættu og nýttist fundurinn vel og gott hljóð í fólkinu sem heldur starfinu gangandi. Að mörgu er að huga í starfi hjá stóru félagi.

Heimasíða

Hestamannafélagið kynnir með stolti nýja heimasíðu sína **www.hmfjokull.is**

Á síðunni má finna allar helstu upplýsingar félagsins, einnig mun feisbook síðan okkar vera vel virk eins og hefur verið.

Hestakveðjur

Bragi Viðar Gunnarsson

Formaður hestamannafélagsins Jökuls

Ráðgjöf - Bókhald - Viðburðir

Ráðgjöf vegna rekstar. Ráðgjöf vegna hugbúnaðar. Bókhaldsþjónusta. Stjórnun viðburða

Abbey Road er nýtt fyrirtæki sem byggir samt á áratuga þekkingu í þjónustu við fyrirtæki og rekstaraðila. Hvort sem þú þarft ráðgjöf varðandi viðskiptahugbúnað eða rekstrarráðgjöf þá er Abbey Road rétta leiðin.

Sinum allri almennri bókhaldsþjónustu, reikningagerð, innheimtu, launaútreiningi og uppgjöri.

Þjóðum ráðgjöf, aðstoð eða umsjón viðburða.

Abbey Road ehf. / Jónas Yngvi Ásgrímsson
486 5666 / 897 5666 / jonas@abbeyroad.is



Jökulsfréttir - Fréttir frá æskulýðsnefndinni

Miðvikudaginn 4. jan kl 19.00

verður kynningarfundur í reiðhöllinni. Matur verður á staðnum, hestar til að teyma undir og smá sýning og sprell ásamt kynningu á starfinu síðasta ár og hvað við erum að spekulera með næsta ár. Allir velkomnir!

Hér er svo drög að dagskrá fyrir 2023 svo þið vitið hvað er framundan.

Janúar

Reiðnámskeið mun byrja í janúar og vera á miðvikudögum fram yfir apríl, kennari er Eva María á Stangarlæk. Föndurnámskeið

Febrúar

Miðvikudagsnámskeið
Reiðtygjaþríf
Æfingatímar fyrir vetramót.

Mars

Miðvikudagsnámskeið
Synikennsla í Hestanudd/teygjur

Apríl

Miðvikudagsnámskeið
Námskeið í Hestaþríf/snyrting og/eða reiðtygjakynning.
Æfingatíma fyrir Páskatölmót

Mái

Hestafjör með Sleipni

Sumarnámskeiðin verða auglýst síðar.

Ef einhverjar spurningar vakna ekki hika við að hafa samband, til dæmis á facebooksíðunni „**Hestakrakkar** í uppsveitum“ eða á pósthfanginu **aeska@hmfjokull.is** annars hlakkar okkur til að sjá sem flesta á kynningarfundinum 5. janúar.



*Elsku vinir, ættingjar
og sveitungar allir.*

*Við sendum ykkur kærar
jólakveðjur og þakkir fyrir góðan
vinskap og væntumþykju á árinu
sem er að líða. Megi nýja árið
færa ykkur gleði og hamingju.*

*Bestu kveðjur
Gestur, Rakel, Einar Ari, Jónas Pór,
Ingibjörg Halla og Hafdís Hanna*

**Jólaball kvenfélaganna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
verður haldið í Brautarholti 30. desember kl.14.00.**

**Jón Bjarnason sér um fjörið og væntanlega
kíkja aðrir hressir karlar í heimsókn.**

Nánar auglýst þegar nær dregur.

***Kærleikskveðja,*
Kvenfélag Skeiðahrepps**



Jólamarkaður í Skafttholti

Íbúar Skafttholts vilja bjóða öllum sveitungum
á lítinn Jólamarkað þann 11. Des.

Opið frá 14 -17.

Fallegt handverk, kökur, kaffi og heitt súkkulaði .

Glökkum til að sjá ykkur sem flest.

Sveitarstjórn 2022-2026. 9. fundur, 02. nóvember 2022 kl. 09:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinnsson, Karen Óskarsdóttir og Vilborg Ástráðsdóttir.

Sylvía Karen Heimisdóttir sat fundinn og ritaði fundargerð. Sveitarstjóri setti fundinn og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera

1.Skýrsla sveitarstjóra á 9. sveitarstjórnarfund

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum:

Þjórðardalurinn - fundur með Minjastofnun.

NOS fundur og starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu.

Fundur með Eflu vegna útboðs á Vikurnámum.

Fundur með Eflu vegna útboðs á Vallarbraut.

Flothetta. Starfssemi í Skeiðalaug.

Skeiðalaug. Framkvæmdir og viðhald.

Hjólhýsi án stöðuleyfi og óleyfisframkvæmdir.

Leikholt - breyting á húsnæði.

Stjórnunar- og verndaráætlun Þjórðardals.

Starfsmannafundur í Þjórðarskóla og Leikholti.

SASS aðalfundur á Höfn.

Stýrihópur um skólaping.

Búrfellshólmi - úttektarferð í vikurnámurnar.

Salernismál í Þjórðardal.

Fjallaböðin - fyrsta skóflustungan.

Uppbygging innviða.

Auglýsing eftir umsjónarmanni Skeiðalaugar og félagsheimilis í Brautarholti.

2.Fjárhagsáætlun 2023. Gjaldskrár og álagningarforsendur 2023

Forsendur gjaldskráa sveitarfélagsins og álagningarforsendur fyrir árið 2023 ræddar.

3.Fjárhagsáætlun 2023 og 2024-26

Vinna er hafin við fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun 2024 – 2026. Vinnan gengur vel og er langt komin. Eftir á að ljúka fjárhagsáætlunum og skiptingu í byggðasamlögum sem sveitarfélagið er aðili að og öðrum samstarfsverkefnum. Stefnt er að því að taka fyrstu umræðu að fjárhagsáætlun á næsta fundi sveitarstjórnar þann 16. nóvember nk.

4.Ósk um leiktæki við Þjórðarskóla

Nemendur Þjórðarskóla komu inn á fund sveitarstjórnar og óskuðu eftir að keypt yrði köngulóarróla á útisvæði við Þjórðarskóla, nýr kofi byggður í stað þess sem var ónýtur og rifinn og lítill niðurgrafin trampólín. Söguðu þau einnig frá

sem betur mætti fara í starfsumhverfi sínu. Kom einnig fram í erindi þeirra hvað þeim finnst vel fara í starfsumhverfi sínu sem gaman er að heyra. Má þar t.d. nefna bókasafn skólans, útisvæði, brekkur og hólar, fótboltavöllur sem er mikið notaður og margar rólur.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar nemendum Þjórðarskóla fyrir greinargott erindi og mun taka það til skoðunar í vinnu við fjárhagsáætlanagerðina. Sveitarstjórn samþykkir að í fjárhagsáætlun verði gert ráð fyrir efni og kostnaði við aðstoð til nemenda við að hanna og smíða nýjan kofa á skólalóðinni. Einnig mun sveitarstjórn fara yfir lista nemendanna um það sem betur má fara og hvernig hægt er að laga það m.t.t. aðstæðna og öryggis nemendanna og tryggja að farið verði í þær aðgerðir sem fyrst.

5.Endurskoðun reglna um tómstundastyrki

Endurskoða þarf reglur um tómstundastyrki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur áður heimilað á fyrri sveitarstjórnarfundum að hægt sé að greiða fyrir æskulýðsstarf með frístundastyrk. Einnig telur sveitarstjóri að heimila ætti styrkveitingu í sund- og/ eða líkamsrækt þar sem ekki er skipulagt starf.

Sveitarstjóra falið að útfæra málið frekar og leggja fullmótaða tillögu fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

6.Tilnefning í starfshóp um umsókn um dagdvalarrými

Tildrög stofnun stýrihóps eru þau að sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafingshreppur og Hrumamannahreppur sóttu um til Heilbrigðisráðuneytisins að komið yrði á fót hjúkrunarheimili í Uppsveitum Árnessýslu. Á fundi sem fulltrúar sveitarfélaganna áttu með starfsmönnum ráðuneytisins í vor kom fram að um langtímaverkefni væri að ræða sem tæki tíma að koma á fjármála- og framkvæmdaáætlun hjá ríkinu. Umsókninni var vel tekið og því sýndur skilningur að þörf væri fyrir úrræði á þessu svæði. Starfsmenn ráðuneytisins ræddu m.a. um það hvort þörf væri á dagþjónustu fyrir eldri borgara á svæðinu. Á fundi sem fulltrúar sveitarfélaganna í Uppsveitum og Flóa áttu með fulltrúum HSU og félagsþjónustunnar í Laugarási í vor kom fram það mat starfsmanna sem koma að heimahjúkrun og heimþjónustu að þörf væri fyrir slíkt úrræði.

Í framhaldi af því samþykktu öll sveitarfélögin sem eiga aðild að félagsþjónustunni í Laugarási að kanna

nánar þörf fyrir dagþjónustu (dagdvöl) á svæðinu. Niðurstaða greiningarinnar liggur fyrir. Til að vinna áfram að málinu er lagt til að hvert sveitarfélaganna tilnefni einn fulltrúa í starfshóp sem undirbúi umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um dagþjónusturými fyrir svæðið, vinni áætlun um reksturinn og greini hvaða staðsetning og húsnæði myndi henta.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tilnefnir Harald Þór Jónsson til setu í starfshópnum sem mun undirbúa umsókn til Heilbrigðisráðuneytisins um dagþjónusturými fyrir uppsveitirnar.

7.Áætlunargerð við fjárhagsáætlun- KPMG

KPMG kom inn á fund sveitarstjórnar og fór yfir stjórnssýslumhverfi sveitarfélaga, vinnu við endurskoðun á bókhaldi sveitarfélaga og vinnu er varðar fjárhagsáætlun.

8.Úrskurður ráðuneytis v. stjórnssýslukæru á vegaskrá

Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið vísaði kæru Náttúrugriða vegna vegaskrár frá.

Niðurstöður Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins lagðar fram til kynningar.

9.Tilkynning um niðurfellingu héraðsvegar á Kílhraunsvegi

Lagt fram til kynningar.

10.Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti off.

Lögð fram drög að stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.

Drög að stefnu og viðbragðsáætlun vísað áfram til Velferðar- og jafnréttisnefndar til umræðu og frekari umfjöllunar.

11.Fundargerð stjórnar Sambands Ísl. sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12.Fundargerð 587 fundar stjórnar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

13.Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga lögð fram til kynningar.

14.Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu 2023

Fjárhagsáætlun B.A fyrir 2023 lögð fram til kynningar.

15.Fundargerð 19 fundar um svæðisskipulags Suðurland

Fundargerð lögð fram til kynningar.

16.Stofnfundargerð og samþykktir Arnardrangs

Fundargerð og samþykkt Arnardrangs lögð fram til

kynningar.

Fundi slitið kl. 14. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 16. nóvember kl 09:00 í Árnosi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 10. fundur. 16. nóvember 2022 kl. 09:00 - 13:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinnsson, Karen Óskarsdóttir og Vilborg Ástráðsdóttir.

Sylvía Karen Heimisdóttir sat fundinn og ritaði fundargerð. Sveitarstjóri setti fundinn og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera

1.Skýrsla sveitarstjóra á 10. sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum: Skóflustunga að Fjallaböðunum í Þjórðardal.

Heimsókn til Landsvirkjunar í Búrfelli.

Skóla- og velferðarþjónusta Uppsveita og Flóa.

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga.

Opnun útboða við gatnagerð á Vallarbraut. 8 tilboð bærust. Kostnaðarmat var 63.736.500 kr. Yfirferð tilboða er í vinnslu.

Útboð vikurnáma í Búrfelli.

Fyrirhugaður fundur með framkvæmdastjórn Landsvirkjunar.

Fundur með Innviðaráðherra.

2. Fjárhagsáætlun 2022. Útkomuspá 2022

Lögð fram útkomuspá fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að klára ákveðnar framkvæmdir fyrir lok árs og er áætluð rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 12,5 milj. kr. og samstæðu A og B hluta jákvæð um 20 milj. kr.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps lýsir yfir ánægju með að jafnvægi sé komið á reksturinn og að afkoma stefni í að vera jákvæð á árinu. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir útkomuspá vegna ársins 2022.

3.Gjaldskrár og álagningarforsendur 2023

Lögð fram drög að gjaldskrár og álagningarforsendum fyrir árið 2023. Lagt er upp með að útsvarsprósenta verði óbreytt og verðskrár haldi í við verðlag. Lagt er til að fasteignaskattur í A flokki lækki úr 0,45% í 0,40% sem mun draga úr fyrirseðum hækkanum á fasteignagjöldum á íbúðarhúsnæði sem jafngildir því að fasteignaskattur í A flokki hækki í samræmi við verðlag.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

samþykkir með 5 atkvæðum að útsvarsprósenta verði óbreytt í 14,52%. Aðrar gjaldskrár verði til grundvallar á vinnufundi fjárhagsáætlanagerðar og samþykkir sveitarstjórn með fimm atkvæðum að vísa gjaldskrá til síðari umræðu.

4.Fjárhagsáætlun 2023 og 2024-2026 - fyrsta umræða

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og 2024-2026 lögð fram til fyrri umræðu. Farið var yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar. Í áætlun er gert ráð fyrir áætlaðri viðhaldsþörf á Félagsheimilinu í Árnesi, Félagsheimilinu í Brautarholti, Þjórsárskóla, og Leikholti ásamt Skeiðalaug á árinu 2023. Gert er ráð fyrir fjárfestingum á árinu, samtals að fjárhæð 254 miljónir, m.a. við gatnagerð, á gámasvæði, á húsnæði Þjórsárskóla, húsnæði Leikholtis í Brautarholti og Skeiðalaug. Fyrir liggur vinnufundur sveitarstjórna um fjárhagsáætlun á milli umræðna.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun vegna ársins 2023 og áranna 2024-2026 til síðari umræðu.

5.Staðfesting kjörinna fulltrúa á síðareglum SkeiðGnúp

Lagðar fram endurskoðaðar síðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjórn hefur samþykkt reglurnar og Innanríkisráðuneytið hefur staðfest nýjar síðareglur.

Sveitarstjórn staðfestir með fimm atkvæðum að starfa eftir síðareglum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Síðareglurnar voru undirritðar og hafa verið birtar á heimasíðu sveitarfélagsins. Öðrum nefndum sveitarfélagsins verða einnig kynntar síðareglur Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

6. Staða yfirdráttarheimildar

Núverandi yfirdráttarheimild á reikningi sveitarfélagsins er 50 milj. kr. og rennur út 21. nóvember 2022. Heimildin er ónýtt en mikilvægt er að skammtíma fjármögnun sveitarfélagsins sé tryggð til lengri tíma. Sveitarstjóri óskar eftir að framlengja heimildina í 50 miljónum kr. til 31. desember 2023.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að yfirdráttarheimild á reikningi sveitarfélagsins hjá Landsbankanum að upphæð 50 miljónir kr. verði framlengd til 31. desember 2023. Fjármálastjóra falið að vinna málið áfram með lánastofnuninni.

7.Fyrirhuguð uppbygging Íslandshótela á Brjánsstöðum

Forsvarsmenn Íslandshótela kynntu fyrir sveitarstjórn fyrirhugaða uppbyggingu á Brjánsstöðum. Búið er að hanna 131 herbergja hótél sem er áætlað að verði reist við hliðina á núverandi hótéli.

Sveitarstjórn þakkar forsvarsmönnum Íslandshótela fyrir góða kynningu og lýsa yfir ánægju með fyrirhugaða uppbyggingu.

8.Samningur við Hitaveitufélag Gnúpverja

Lagður fram til staðfestingar fyrir sveitarstjórn nýr samningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps við Hitaveitu Gnúpverja.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir samninginn með fimm atkvæðum.

9.Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi í Árnesi

Breyta þarf ákveðnum greinum aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps ásamt því að hanna útfærslur að nýju deiliskipulagi í Árnesi. Fyrstu drög að nýju deiliskipulagi í Árnesi verða lög fram á íbúafundi í byrjun næsta árs. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að semja við verkfræðistofur um vinnuna sem er framundan.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að hafin verði vinna við aðalskipulagsbreytingu og er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

10.Vinnutímastytting í Leikholti.

Lögð fram tillaga að vinnutímastyttingu í Leikholti. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vísar málinu til umfjöllunar í skólanefnd.

11.Ósk um tilnefningu í vatnasvæðanefnd

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun um tilnefningu í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar Gerði Stefánsdóttur sem aðalmann og Sigríði Björg Gylfadóttur sem varamann í vatnasvæðanefnd ásamt Vilmundi Jónssyni sem fulltrúa Loftslags- og umhverfisnefndar sveitarfélagsins.

12.Styrkumsókn Sigurhæða

Lagt fram bréf frá Sigurhæðum, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, vegna starfseminnar 2023. Sigurhæðir óska eftir styrk að fjárhæð 197.000 kr. miðað við að einnig komi framlag í gegnum Sókarnáætlun Suðurlands á vettvangi SASS, en ella 287.000 kr. verði ekki um að ræða framlag úr Sókarnáætlun.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

samþykkir með fimm atkvæðum að veita styrk til Sigurhæða fyrir árið 2023 að fjárhæð 197.000 kr. Gert er ráð fyrir framlaginu í fjárhagsáætlun.

13.Beiðni Stigamóta um fjárstuðning

Lagt fram bréf frá Stigamótum þar sem óskað er eftir framlagi til starfsemi Stigamóta fyrir árið 2023. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að veita styrk til Stigamóta fyrir árið 2023 að fjárhæð 100.000 kr. Gert er ráð fyrir framlaginu í fjárhagsáætlun.

14.Skipulagsnefnd Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita. Fundargerð 248. fundar.

27.Selhöfðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2106076

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði í mynni Þjórsárdals. Innan svæðisins er gert ráð fyrir uppbyggingu á þjónustumiðstöð. Samhliða er lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til svæðisins. Í breytingunni felst að sett er inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði VÞ26 og skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkað samsvarandi. Felld er út aðkoma að Selfit og verður hún sameiginleg með aðkomu að þjónustumiðstöð við Selhöfða. Settur er inn nýr vegur frá þjónustumiðstöð að hóteli í Reykholti. Reiðleið er færð nær Þjórsárdalsvegi á kafla en að öðru leyti er hún aðlöguð að nýjum vegi að Reykholti. Gert er ráð fyrir gönguleið frá afþreyingar- og ferðamannasvæði í Sandártungu (AF9) yfir VÞ26 og að afþreyingar- og ferðamannasvæði í Selfit (AF10).

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að staðið verði sérstaklega að kynningu málsins á heimasíðu sveitarfélagsins og íbúasíðu á samfélagsmiðlum ásamt að uppdættir af svæðinu liggi fyrir á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar.

28. Selhöfðar í Þjórsárdal; Þjónustumiðstöð; Deiliskipulag – 2110091

Lögð er fram umsókn frá Rauðukömbum ehf er varðar nýtt deiliskipulag að Selhöfðum í Þjórsárdal. Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til ferðamannasvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal á um 52 ha svæði þar sem m.a. gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð sem þjóna muni öllum Þjórsárdal. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þjónustumiðstöð,

gistihúsi/smáhúsi, aðstöðuhúsi auk salernishúsa og spennistöðvar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum deiliskipulagsstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að staðið verði sérstaklega að kynningu málsins á heimasíðu sveitarfélagsins og íbúasíðu á samfélagsmiðlum ásamt að uppdættir af svæðinu liggi fyrir á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar.

29. Mið- og Árhraunsvegur; Breytt landnotkun; Aðal- og deiliskipulagsbreyting - 2201044

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi sem tekur til Mið- og Árhraunsvegur eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að landnotkun landsins færist til fyrra horfs með þeim hætti að skilgreind landnotkun landsins verði landbúnaðarsvæði í stað frístundasvæðis. Svæðið sem um ræðir tekur til um 19 ha. Samhliða er óskað eftir því að samþykkt verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins í takt við breytingu á aðalskipulagi. Skipulagsstofnun hefur nú þegar samþykkt óverulega breytingu á aðalskipulagi. Óveruleg breyting á deiliskipulagi er lögð fram að nýju vegna uppfærslu á deiliskipulagi eftir athugasemd sem barst við grenndarkynningu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

30. Birkikinn L166577; Gráholt; Steinsholt II land L219054 (Birkikinn 2); Stofnun lóðar og breytt staðfang - 2210041

Lögð er fram umsókn um stofnun landeignar úr landi Birkikinnar L166577. Óskað er eftir að stofna 29,8 ha land og að það fái staðvísinn Gráholt sem er örnefni á holti innan spildunnar. Jafnframt er óskað eftir að Steinsholt II land L219054 fái staðfangið Birkikinn 2. Aðkoma að landinu er um land upprunallandsins eins og sýnd er á lóðablaði.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn eða staðföng. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir erindið með fjórum

atkvæðum. Gunnar Örn Marteinsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

31. Stóra-Hof L203207; Deiliskipulagsbreyting - 2205041

Lögd er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Stóra-Hofi eftir auglýsingu. Gerðar eru breytingar á uppdrætti og greinargerð skipulagsins. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Deiliskipulagsbreytingin tekur gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

32. Áshildarvegur 9 L230770; Deiliskipulagsbreyting - 2204056

Lögd er fram umsókn frá Rúnari Lárussyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Áshildarvegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindur er byggingarreitur á lóð Áshildarvegur 9.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu málsins.

33. Vorsabær 1 L166501; Deiliskipulagsbreyting - 2209104

Lögd er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lands Vorsabæjar 1 L166501. Í umsókninni felst að heimild er veitt fyrir uppbyggingu íbúðarhúss í stað frístundahúss á byggingarreit 1 auk þess sem byggingarheimildir eru auknar úr 150 fm sumarhúsi í heimild fyrir íbúðarhúsi, gestahúsum og bílskúr innan 300 fm byggingarheimildar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu málsins vegna ófullnægjandi gagna.

34. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Deiliskipulag; Fyrirspurn - 2210042

Lögd fram fyrirspurn frá Dazza ehf. er varðar uppbyggingu innan lóðar Brjánsstaða lóð 4 L213014. Gert er ráð fyrir uppbyggingu gistipjónustu í formi lítilla útleiguhúsa og þjónustu húss.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við gerð deiliskipulags sem tekur til uppbyggingu gistipjónustu á lóð Brjánsstaða lóð 4 í takt við framlagða fyrirspurn. Samhliða samþykkir sveitarstjórn með fimm atkvæðum að breyting verði unnin á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði á reitnum.

15. Héraðsnefnd Árnesinga. Fundargerði 1, 2, 3 og 4 fundar.

Fundargerðir 1, 2, 3, 4 og 5 lagðar fram til kynningar.

16. Samtök orkusveitarfélaga. Fundargerð 52. fundar stjórnar.

Fundargerð lögd fram til kynningar

17. Umhverfis- og tæknissvið uppsveita. Fundargerð aðalfundar.

Fundargerð aðalfundar, ársreikningur og ársskýrsla Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita lögd fram til kynningar.

18. Seyrustjórn. Fundargerðir 6. og 7. fundar stjórnar.

Fundargerðir 6 og 7. fundar seyrustjórnar lagðar fram til kynningar.

Staðfesting á fjárhagsáætlun seyrustjórnar vegna árisins 2023 skv. 2. tl. 7. fundar seyrustjórnar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 12.50. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 7. desember kl 09:00 í Árnesi.

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



*Kæru sveitungar,
gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þakka viðskiptin og samstarfið.
Hákon Páll Gunnlaugsson*



2				3	8	6			
9	8	4		7			3	1	
				4					
7		5				2			
1			4						
8						4	9	6	
			5		4				
						1	8	5	
5	6	1	8		9				

		7				3		2	
2					5		1		
			8		1	4			
	1			9	6			8	
7	6						4	9	
			1		3				
8		1		6					
			7				6	3	



HRUNAPRESTAKALL

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Jólasmorgunsamvera fyrir börn á öllum aldri í Hrepphólakirkju kl. 11. Guðspjónusta á aðfangadagskvöld í **Hrepphólakirkju kl. 23.**

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. **Ólafsvallakirkja kl. 11 og Hrunakirkja kl. 13.**

Ljósaguðspjónusta á jóladagskvöld í **Stóra-Núpskirkju kl. 22.**

31. desember – gamlársgdagur: Guðspjónusta í **Tungufellskirkju kl. 14.**
Aftansöngur í **Stóra-Núpskirkju kl. 16.**

8. janúar: Nýármessa í **Hrepphólakirkju kl. 14.**

Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar. Guð gefi okkur góða aðventu og gleðileg jól.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Frá sóknarnefndum Hrunaprestakalls:

Sem fyrr verður hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum prestakallsins nú á aðventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur:	0152-05-264429	kt. 491098-3339
Ólafsvellir:	0152-15-371512	kt. 490269-3399
Hruni:	0325-26-18952	kt. 640169-2229
Hrepphólar:	0325-26-9068	kt. 640169-3039